

Hulda Waddell

2007

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 293

© Krumma films ehf.

DV 293

Já Hulda Margrét Waddel. Og hvað ég er titluð? [hlær] Ég er nemi núna eins og er, já þessa stundina, námsmaður.

*HG: Manst þú eftir henni Rönku?*

Nei nei ekki fyrr en ég sá hana bara í sjónvarpsþáttum. Nei ég þekki hana ekki öðruvísi.

*HG: Nei þú hittir hana aldrei í okkar...?*

Veistu ég man það ekki, ég einhvern veginn tók ekki svo mikið eftir stelpunum [hlær]. Ég var meira svona með strákunum meira. Já ég man, já það eru sum andlit en yfirhöfuð þá held ég að stelpurnar hafi farið alveg bara einhvern veginn farið framhjá mér og líka þessir hópar skárust ekki svo mikið saman. Ekki hommarnir og lesbíurnar. Það var meira svona það héldu sig allir út af fyrir sig og voru svo að reyna að vera með sameiginleg baráttumál í Samtökunum og það gekk svona upp og niður því að áherslurnar voru gjörólíkar og það var helst á böllum sem að leiðir lágu saman og ég held bara að meira að segja að þetta parti sem ég hélt einu sinni fyrir ball þar sem að var bæði stelpum og strákum boðið að það hafi verið meira undantekning en regla. Þetta voru bara tvær fylkingar sem voru að vinna að ólíkum málum.

Hvernig maður leiðist út í svona hommaskap?

*HG: Hvaða ár? Ef þú gætir svona aðeins miðað við það.*

Þetta er svona annað hvort haust '82 eða vor '83 sem að ég dett þarna inn í Samtökin, dett þarna inn á kaffihúsið á Skólavörðustíg sem var kallað Fjólukaffi. Og þetta var bara eins og hver önnur tilviljun í lífinu og ég fór þarna með vinum mínum sem að herna langaði að kynnast þessum hóp og við fórum þarna í heimsókn og já það má segja að við fórum aldrei aftur þaðan og svo bara liðu ár og ár og mörg mörg ár og alltaf var maður bara í þessum

*Svona fólk*

félagsskap. Já eins og ég segi ég bara datt, datt bara svona inn í þennan heim og mér fannst hann skemmtilegur og ég hérna kynntist þarna mjög skemmtilegu fólki og já þetta var bara svona heillandi. Ég hugsa að það sem að hafi heillað mig mjög mikið var þessi mikla sköpun sem var alltaf í gangi. Það var alltaf eitthvað, það stóð alltaf eitthvað til ef það voru ekki böll sem að átti að fara að búa til skemmtiatriði og allt svona heimatilbúið að þá var eitthvað annað í gangi, annað, alltaf einhver sköpun og allir þessir strákar þeir gátu sungið og spilað og þetta voru allt listamenn fram í fingurgóma og ég held að það hafi heillað mig og líka þessi ótakmarkaða hreinskilni sem allir bjuggu yfir. Sko þarna í felum ef það má setja það svona innan gæsalappa, þá var enginn í felum í hópnum. Þar komu menn bara til dyranna eins og þeir voru klæddir og ég held ég hafi bara aldrei kynnst eins bersöglu fólki. Það var aldrei verið að draga neitt undan. Einhverra hluta vegna fékk ég trúnað allra, mér var treyst fyrir bara öllum sögum og svo sem sama alveg hvaða vitleysa það var [*hlær*], ég fékk þetta allt óritskoðað og ég skemmti mér bara yfir þessu og mér þótti þetta bara skemmtilegt og þetta fór ekkert yfir neinn blygðunarþröskuld hjá mér eða neitt slíkt. Já ég held svona að ef maður getur útskýrt eitthvað svona eftir á eða fengið eitthvað sjónarhorn þannig að þá já held ég að þetta frelsi sem að mér fannst vera þarna og líka ég sjálf, ég fékk bara frelsi til að vera ég, já og enginn leikaraskapur þannig.

Nei ég held þetta hafi allt bara verið að ske á þessum tíma. Þetta var bara framvindan þá. Sko bara aðal deiglumálin hjá Samtökunum '78, það var bara að koma úr felum. Að þurfa ekki að vera að já að læðupokast einhvers staðar og hérna fá ekki að vera þessar manneskjur sem þau voru og þetta voru bara þessu litlu skref sem að voru stigin þá. Þetta byrjaði bara á litlu, á lítilli kaffistofu þar sem að ég held að hafi verið þrír stólar og eitt borð sko. Og það skipti engu máli. Bara fólk kom og hittist þarna og já síðan bara átti þessi ákveðna framvinda sér stað og svo var líka í já eins og að ég var að tala um um daginn að þá, það þurfti ekki að vera annað en að vera málaður úti á götu eða snerta annan karlmann, það þurfti ekki meira tilefni til að þá eru bara hommar lamdir til óbóta og, og en sem betur fer þá hérna er nú þetta liðin tíð að ég held.

Nei ég svei mér þá ég held bara, nei ég get einhvern veginn ekki skilgreint eitthvað þrúgandi, mér fannst vera of mikil gleði þarna á svona, þarna voru allir á fleygiferð að koma út úr

skápnum og svona samfélagið var svona að taka við því. Þetta voru svona smá skref út á við og menn voru og fólk að fikra sig áfram hvað mátti og hvað mátti ekki, svona finna hvar grensurnar lágu og þetta fór þá aðallega fram á svona almennum böllum, á dansleikjum eins og Óðali og Borginni og eitthvað svona, hvað mátti ganga langt í að dansa saman og daðra og kannski snertast eða leiðast eða, það var svolítið hættulegt ef karlmenn voru að kyssast sko, það var bara ja það var glötunin alveg sem þú gast steipt þér í sko, kallað yfir þig ja verulegar afleiðingar. Og ekki þá bara að vera hent út af ballinu sem var nú slæmt en [hlær], það gat haft ofbeldi í för með sér. Mér fannst einhvern veginn þetta vera tímarnir og hérna eins og ég segi ég kynntist þarna einum, tveimur og allt í einu átti ég alveg bara heilan her af vinum og hérna hélt bara hópinn og við vorum að hittast heima hjá hvert öðru. Þegar Reynir Már var með verkstæði, leirverkstæðið sitt á Laugaveginum, það var svona sko óformlegt kaffihús, þarna lá straumurinn og þarna sátum við og drukkum kaffi og hittumst og blöðruðum og já þetta var bara svona menningarafdrepp. En, en nei eins og ég upplifði þetta þá finnst mér ég ekki hafa kynnst þessu þrúgandi. Þetta var meira svona eins og þarna voru allir að bara koma út úr skápnum úti í þjóðfélaginu. Náttúrulega mismunandi hvernig var hjá hverjum og einum, en já.

Já ég held að það sé alveg rétt að þetta voru krísur og erfiðar krísur hjá mjög mörgum. Kannski er það, ræðst þetta af því að þeir einstaklingar sem ég umgekkst þá og umgengst enn, þetta voru svona sterkir persónuleikar sem að voru, þeir voru alveg komnir út með sitt á hreinu og þetta voru svona, þetta voru fyrirmyndirnar sem ég held að hinir strákarnir hafa jafnvel verið að leita til og þeir hafa ábyggilega sko verið að gefa góð ráð og allt þetta en alveg ábyggilega þá voru fullt af fjölskyldukrísum og allt það, ekki allir samþykktir með sitt þannig að jú, jú maður sá marga einstaklinga sem að áttu erfitt og gátu eiginlega kannski aldrei komið almennilega út með sitt.

Já, jú það voru miklir fordómar og ég hérna ég bara blés á þá og hló að því og var svo sem ekkert hérna, ég var ekkert svona einhver svona málpípa sem stóð á torgum og var að reyna að leiðrétta málin heldur bara að þeir sem að voru í kringum mig, að ég sagði þeim bara hvað mér fyndist um þessi mál og hvernig ég sæi þau og tæki þátt í því og bara þannig smátt og smátt held ég að fólk hafi séð að þetta, að við erum bara öll fólk alveg sama hver kynhegðun

okkar er. Og í mínum huga voru það alltaf bara aukaatriði, það var ekki það sem málið snerist um. Þetta bara, þetta voru vinir mínir og góðir vinir. Jú ég held að sko jú fordómar, það var alveg bunki af þeim.

Ætli maður hafi ekki bara þessa áráttu að losa úr minninu allt sem er eitthvað leiðinlegt eða eitthvað svoliðis. Nei ég held ég geti ekki snarað neinum svona sérstökum dæmum fram en karlmenn hafa meiri fordóma gagnvart hömum heldur en konur. Það er alveg, þetta er alveg kynbundið og hérna ég hef heyrt svo sem suma karlmenn segja: Æ, ég þoli ekki þessa homma. Og hérna þá segir maður bara: Æi, láttu ekki svona. Fordómarnir eru náttúrulega byggðir á margvíslegu hjá öðrum karlmönnum og ég veit svo sem ekkert á hverju það byggist, hvort það er bara eitthvað smekksatriði eða hvort það er hommafóbía eða hvort menn eru eitthvað óöruggir með eigið um eigin kynhneigð, það getur verið hvað sem er. Ég hef ekkert verið að kryfja það endilega en allt er þetta náttúrulega háð bara upplýsingu og útrýma fáfræði.

Svona í miðri gleði þá fer að skjóta upp þessi orðrómur að menn eru farnir að veikjast af einhverjum hérna ótilgreindum sjúkdómi sem að enginn veit hvernig hérna hefur orðið til og hvernig hann útbreiðist í raun og veru. Þannig að það er komið allt annað landslag í myndina. Nú kemur upp þessi ótti og þessi hræðsla og þetta var allt að því áþreifanlegt. Það, og svo berast þessar fréttir frá já mikið frá Ameríku að menn eru að veikjast af þessu og það eru aðallega hommar og þeir eru að deyja úr þessum sjúkdómi. Þannig að það fer í hönd erfíður og mikill tími í hvernig á að verjast þessu og hvernig á að finna út úr þessu og hvað er bara í gangi og svo náttúrulega smátt og smátt skýrist þetta að einhverju leyti og en þá fór líka, það eiginlega rann svona tími upp sko tími ásakana jafnvel. Hver var smitaður, hver vissi af því og voru allir að gæta þess að enginn væri að smita einhvern annan? Þannig að ég held að þetta hafi verið alveg voðalegur tími fyrir þessa stráka og svo var þetta þannig að Alnæmissamtökin eru stofnuð frekar snemma og ég man nú svo sem ekki ártalið sko, kannski '85, '86 og þá var þetta svo mikil leynd sem var í kringum þetta að það var ekki gefið upp heimilisfangið þar sem Alnæmissamtökin voru til húsa. Menn fóru huldu höfði sem voru í jákvæða hópnum og það voru þeir sem voru HIV smitaðir og já maður var bara undir ströngu með það að ef maður vissi af einhverjum smituðum þá myndi maður náttúrulega að

sjálfsögðu ekki tala um það því að það væri mál viðkomandi hvort hann vildi láta vita af því eða ekki. En þarna fór í gang sko ofboðslega mikil svona leynileg, já það var eiginlega, þetta var afturhvarf, það var aftur inn í feludæmið. Nú eru menn sko nú stóðu hommarnir frammi fyrir því að vera bæði að koma úr felum með samkynhneigð sína og kannski að vera með þennan sjúkdóm. Þetta voru hræðilegir tímar og ömurlegir og þjóðfélagið var á öðrum endanum í sambandi við þetta. Það urðu allir svo hræddir. Það var svona, já það kom upp svona fjöldahystería, væri manni óhætt að vera í sama strætó og hinir smituðu? Og gat maður farið í sund? Og alls konar svona sem að við myndum bara hlæja að í dag. Þannig að já þetta voru, ég held þetta hafi verið svo skrítnir tímar að ég held að það myndi enginn trúa því núna hvernig þetta lýsti sér.

Ja það hafði þau áhrif, þannig áhrif að stór hópur vina minna smitaðist af þessum sjúkdómi og dó og maður varla vissi að viðkomandi væri smitaður af alnæmi að í næstu andrá heyrði maður það að hann hefði látist og þetta var svo stór hópur sem dó svo fljótt því við megum ekki gleyma því að horfa bara á þetta frá deginum í dag en þá, þá voru engin lyf og lyfin komu ekki fyrr en svo löngu löngu seinna. Ég heyrði nú bara í útvarpinu að það hefði ekki verið fyrr en um '96 eða eitthvað svoleiðis að lyfin komu og voru farin að virka þannig að þetta var allt bara tilraunastarfsemi til að byrja með og það lifði það enginn af beinlínis. Já þannig að ég var svo beðin um að starfa í Alnæmissamtökunum, það var alltaf erfitt að fá fólk til að starfa í stjórn Alnæmissamtakanna og hérna og vinna þar. Mér fannst það nú bara alveg sjálfsagt mál og var þarna, starfaði í stjórn Samtakanna í tvö ár '91, '92 og það litla sem maður gat gert þá á þeim vettvangi það var að útdeila smá peningastyrk til hérna svona nauðþurfta hinna smituðu sem voru orðnir svo veikir að þeir voru bara heima og gátu ekki hérna, brauðfætt sig og voru bara komnir úr leik í þjóðfélaginu og biðu bara, biðu bara eftir því að ja deyja þannig lagað. Og eina sem maður gat gert var bara að styðja þetta fólk á einhvern mjög máttvana hátt, ekki nema þá bara að vera áfram vinur þeirra og sinna því á manneskjulegan hátt. Því að eftir stóðu þessir einstaklingar ansi einangraðir og allir farnir frá þeim. Höfðu kannski aldrei haft góð tengsl við fjölskylduna. Ekki komnir út með sína samkynhneigð, því síður að þeir væru smitaðir af þessum dauðasjúkdómi og já þannig að þarna stóðu menn bara einir og slyppir og snauðir, enginn á bak við þá. En sem betur fer var þetta nú ekki í öllum tilvikum. Það voru líka aðrir sem áttu mjög góða að. En ég man einu

sinni var slagorð Alnæmissamtakanna eða jákvæða hópsins, ég man nú ekki hvort var og það var, þá létu þeir útbúa boli og merktu þá: Þögn er samasem dauði, og það átti að vekja til umhugsunar að það ætti að ræða þessi mál. Þetta væri ekki felumál, þetta væri mál sem skipti alla, þetta væri öllum viðkomandi og nú ætti að tala um sjúkdóminn og þannig ætti að opna umræðuna um hann og líka að fræða alla um sjúkdóminn, smitleiðirnar og það var alltaf verið að fara yfir þessi einföldu atriði sem þurfti að klifa á. Og það tók einhver ár en ég held að þetta hafi bara tekist þokkalega. Allavega í dag er þó þá til þessi lyf sem halda sjúkdómnum í skefjum, enn er engin lækning og það skyldi nú enginn gleyma því og svo kom náttúrulega í ljós síðar meir að þetta var ekki sjúkdómur sem að réðst á einn lítinn hóp, samkynhneigða karlmenn, heldur þarna erum við bara öll í hættu.

Já ég held það hafi verið mikil átök á fundum hjá jákvæðum og það er sko, ég held að það sé ekki ofsögum sagt að þessir einstaklingar upplifðu sig brennimerkta. Og þeir voru það. Og já það var allt þá, var allt gert til að reyna að leyna því að þú varst smitaður vegna þess að já þú varst bara, þér var bara kastað burt. Þetta voru bara, þetta voru hálfgerðar ofsóknir. Og í svona litlu samfélagi þar sem allt kvisast út þá er mjög erfitt að einhver frétti ekki eitthvað. Og meira að segja þegar, bara það öll þessi leynd sem að átti að ríkja innan heilbrigðiskerfisins að þú áttir að geta farið með blóðprufu í rannsókn og þú áttir að geta fengið að vita dulkóðað hvort þú værir jákvæður eða neikvæður að þetta var jafnvel að þarna brást líka heilbrigðiskerfið. Það var í byrjun var ekki alveg að halda þessari nafnleynd og þetta voru fyrstu baráttumálin jafnvel, nafnleynd um blóðprufur og þú veist við hlæjum að þessu í dag að þetta hafi verið baráttumál. Jú andrúmsloftið, jú það var ansi þrúgað og ég veit ekki hvort maður á að vera að rifja það upp, en ég man nú eftir því að það var útbúinn listi af, nafnalisti þar sem að voru, menn voru tilgreindir sem talið var að væru HIV smitaðir og hann var látinn ganga um hópinn svona sem öðrum til varúðar. Ég man þetta var rætt mikið í þaula og hérna ég held að það hafi nú klofið svolítið svona fólk niður í fylkingar, en svona það sem ég man úr þessari umræðu var aðallega það að svona listi gerði svo sem ekkert gagn þannig því hann sagði ekkert til um hina sem voru smitaðir en vissu það en hinir vissu það ekki að þeir væru smitaðir og þarna var bara svo mikil svona, það voru svo mörg sjónarhorn í gangi. Þetta var mjög eldfimt og pólitískt mál.

*HG: Hvað svona, myndin fjallar svona um réttindabaráttu homma og lesbía, og það náttúrulega eru ýmis, ýmislegt hefur áunnist og sumum myndi finnast bara jafnvel fjaránlegt að við værum að búa til einhverja kvikmynd um þetta. En hvað sérð þú, hvaða þróun er það sem að gerir það mögulegt að Þjóðfélagið breytist svona á þessum skamma tíma? Vegna þess að '78 til 2008, þetta er...*

Já ég man það þegar ég var, starfaði í stjórn Alnæmissamtakanna þá var alveg viðstöðulaus fjárskortur. Þessi samtök áttu engan pening og það var eiginlega Rauði krossinn má segja, hann hélt uppi Alnæmissamtökunum. Svo við í stjórninni við vorum að reyna að finna upp á eitthvað til fjáröflunar og okkur datt í hug að halda fjáröflunartónleika í Þjóðleikhúsinu og það tókst, fengum Þjóðleikhúsið og fullt af hljómsveitum. Þá, þá fann maður fyrir þessari velvild sem að allt í einu var sprottin upp í samfélaginu. Það var ekkert mál að fá Þjóðleikhúsið ókeypis, fullt af hljómsveitum í Reykjavík gaf vinnu sína og svo komu einhverjir peningar út úr þessu. Kannski ekkert mikið en eitthvað, en þá fyrst fannst mér ég hérna finna fyrir þessari velvild því í svona litlu samfélagi, þetta snertir alla, það var hommi í hverri fjölskyldu og hann gat veikst þannig að fljótlega, fljótlega komu líka upp svona aðstandendasamtök í Alnæmissamtökunum sem voru aðstandendur þeirra sem voru smitaðir og svo var líka kominn þessi raun á að þetta var ekki bara sjúkdómur homma, það voru líka konur að greinast með smit. Og það var líka áður en byrjað var að skima blóð, að þá voru líka blæðarar sem höfðu fengið sýkt blóð þannig að Alnæmissamtökin voru svona farin að verða þá svolítill þverskurður af hinu og þessu. Og ja mér fannst á þessum tímapunkti að þarna ákvað bara Þjóðfélagið að snúa bökum saman, styðja þessa einstaklinga og smátt og smátt kom þetta. Og ég held að þetta hafi stutt baráttu Samtakanna '78. Ég er alveg viss um að þetta spilaði allt saman að þegar að Þjóðin var svona komin yfir alnæmið að þá var bara hægt að taka upp allan hérna réttindapakkan fyrir samkynhneigt fólk. Já ég held það að þetta fléttaðist saman svo svona á hlaupunum. Og ja mér finnst í dag vera allt annað svona andrúmsloft og miklu miklu meiri meðbyr. Já, heldur en var.

Já almáttugur, fyrst var þetta nú bara skemmtileg gleði og skemmtilegur félagsskapur og kynnast hérna góðu og skemmtilegu fólki og síðan allt í einu bara hrynur himininn yfir og allt í einu kominn svona illvígur sjúkdómur sem að er bara, það er bara einn endir. Og hann er að



fólk deyr úr honum þannig að þetta var þvílíkt reiðarslag fyrir alla. Það var engin von ef þú fékkst dóminn þá það var ekkert nema bara dauðinn sem beið þín og ég held bara að það sé bara ekki hægt að ímynda sér hvernig hérna þetta andrúmsloft var. Og að horfa upp á vini sína deyja og veslast upp úr svona hræðilegum sjúkdóm sem þetta var, sem birtist í öllum myndum, það var ekki auðvelt fyrir neinn sem þama átti hlut að máli. Og kannski svona ef maður tekur fram, dregur fram eitt dæmi um svona þrungið andrúmsloft að það voru jarðarförirnar þegar varið var að jarða vini þína. Og þeir sem að, það voru margir sem engan veginn treystu sér til að mæta við jarðarförina hjá kannski besta vini sínum því hann var alltaf að upplifa sína eigin jarðarför jafnvel og fólk bara og menn höfðu jafnvel bara ekki kjark í að fara. Það gat það bara ekki. Og ég var nú við margar jarðarförir og engin var nú auðveld en það var jafnvel þannig að það var aldrei talað um það úr hverju viðkomandi hefði látist. Það kom aldrei fram kannski og það var, í nokkur skipti var það þannig.

Já það er sko margra að minnast. Reynir Már vinur, hann, það var nú aldeilis skapandi einstaklingur. Já manni fannst þetta bara svo, þetta var bara eitthvað svo hart. Menn að deyja í sko blóma lífsins. Og Bjössi, Björn Bragi. Ég gæti talið upp svo ótal, ótal marga. Já og menn voru kannski bara rétt að skriða yfir tvítugt. Þeir voru varla búnir að átta sig á lífinu eða á sjálfum sér og þá hafði viðkomandi smitast og var bara að veslast upp og deyja.

En ég man það var mikið talað um það og þá var alltaf talað um það sem Sveiattanballið og öllum fannst það mjög fyndið. Það hefur verið sjálfsagt svona fyrsti skandallinn í að koma úr felum. En ég man nú svo sem ekki eftir að það hafi verið svona þessi böll og svona sem að haldin að það hafi verið neinir neitt svona skandalar. Enda var þetta bara, já þetta var svona bara að þjappa fólki saman. Þetta var svona peppið.

Já við bara þegar maður byrjar að rifja upp þá man maður alveg alltaf meir og meir og allt sem að maður segir í svona viðtali er svo handahófskennt þannig að nei við ekkert, nei við fórum svona bara vítt og breitt og jú við vorum kannski aðallega að tala um að okkur langaði báðum að setjast niður og fara yfir það hvaða vinir okkar dóu og hérna reyna að muna þá alla. Því við erum bæði sammála um það, það voru svo margir að við munum þá ekki alla. Því að þetta, líka voru þetta strákar sem að komu og fóru og sem að maður rétt svona átti stutt

viðkynni við þannig að við erum náttúrulega ekki að tala um svona góða vini heldur kunningja líka.

*HG: Áttu einhverja sögu af Trixie?*

[*Hlær*] Nei ekkert nema off the record sko [*hlær*]. Nei ég kynntist nú ekkert Trixie alveg strax, ég man ekki hvort hann var úti á landi eða hvað en hafði heyrt mjög mikið af Trixie látið eða svona mikið heyrt af honum og svo var það á ábyggilega eitthvað ballið sem ég er kynnt fyrir honum og þá kom nú í ljós að hann hérna vissi hver amma mín var og það þurfti ekki meir og þá var ég bara innvið í hans félagsskap. Já nei, þetta var bara mjög litríkur persónuleiki og já. Eins og ég segi það eru meira svona off the record sögur, sem að ég treysti mér ekki til að segja en það vita allir hvað ég á við.

Já og svo var hann einhvern veginn sko tveir karakterar. Það var sko Guðmundur í vinnunni þá var hann straight týpa en svo var hann Trixie Delight, [*hlær*] og það var sko í tómstundalífinu.

Ég held ég hafi bara ekkert veitt því neina athygli. Ég man svo sem eftir þessu fræga Samúelsviðtali við Hörð já svona óljóst en ekkert sem ég var neitt að þæla í. Ég hafði bara ekkert mikið verið að spá í þetta fyrr en ég datt þarna bara inn um dyrnar hjá þessu fólki má segja.

Það er ábyggilega alveg fullt sko. Svo man ég þetta ábyggilega allt á morgun.

*HG: Hvernig var áfengisneysla?*

Já það var nú alltaf haft svolítið áfengi um hönd. Jú eins og ég segi, þarna kunni fólk að skemmta sér vel. Og já allt voru þetta nú svolítið ýktir persónuleikar þannig að það gat líka verið svolítið ýkt neysla. Það var ekkert nóg bara að fara á ballið og heldur þurfti líka að fara í partí fyrir ball, fara á ballið, partí eftir ball og kannski eitthvað meira en það og svo var næsti dagur kannski [*hlær*]. Jú ég held að, ég held bara það voru náttúrulega allir ungir og

bara á sínum sokkabandsárum. Þetta var bara leiðin að skemmta sér og... [*Gardína fellur af glugga og sólin skín beint í augun á Huldu. Hlátur.*] Þetta var flott. Já þarna greip einhver í taumana. Slútt.

*HG: Þú hefur ætlað að fara að segja eitthvað um einhvern...*

Nei ég ætlaði ekki einu sinni að gera það.

*HG: Ég er bara að grínast. [Stendur upp til að lagfæra birtuna]*

Ég var aldrei að þæla í því, það vafðist ekkert fyrir mér nein skilgreining með sjálfa mig. Ég var bara þarna gestur í þessu skemmtilega boði og naut þess en það var alveg árum saman sem hommarnir voru að koma og þæla í því sko hvaða árátta allt að því þetta væri. Hvað, afhverju nennirðu að, hvað er svona skemmtilegt með okkur og hommunum? Og afhverju finnst þér svona gaman að vera með okkur hommunum? Ég hafði svo sem engin svör þannig hérna, mér fannst þetta ekkert til að vera að þæla í eða velta sér upp úr. En ég, jú ég svo sem hérna var svona að þæla í því hvers vegna þessar spurningar vöknudu. Var maður bara eitthvað svona afbrigðilegur að velja sér þennan félagsskap? Ég held ekki. Mér fannst þetta bara skemmtilegt. Kannski var þetta svona eitthvað tabú sem kitlaði mig. Maður var náttúrulega svolítið í felum með sko, með fólkinu. Eitthvað þannig já.

Nei ég held að ég hafi alveg aðgreint þetta. Ég var bara í svona venjulegri vinnu á daginn og jafnvel í námi og kvöldskóla með og svo eins og Veturliði sagði að þetta hefði verið hobby hjá mér og já þetta bara frístundatíminn minn, svona varði ég honum. Já en strákarnir þeir voru svolítið að þæla í þessu en svo hættu þeir bara að spá í það þegar við kynntumst bara betur og meir og ég held þeir hafi aldrei tekið eftir því að ég væri þarna af einhverju öðru kyni, þannig var manni sko vel tekið og fékk bara að valsa um í þessum hóp.

Þetta var einhvern veginn alltaf á hreinu og hérna nei það vafðist ekkert fyrir neinum hver mín staða var þarna og mér leið bara vel, ég var aldrei neitt að eitthvað að já það var aldrei neitt óþægilegt andrúmsloft eða neitt slíkt og þó svo ég hafi ekki kynnst stelpunum neitt mjög

mikið þá var þetta bara já ég held ég hafi ekki truflað þær neitt að vera þarna að þvælast þarna. Ég var svo sem ekki eina manneskjan úr hérna, af öðrum vinum sem að var á böllunum eða að þvælast þarna í vinskapanum en það voru samt ekkert endilega mjög margir. Því að það var nú líka þannig á þessum tíma að ef þú fórst á þessi böll að það var smá stimplun í gangi. Það var það sko.

Já ég gæti nú bara alveg trúað því en það barst mér aldrei til eyrna og ég lét mér það bara svona í léttu rúmi liggja. Mig varðaði ekki um það neitt.

*HG: En eiginmaðurinn?*

Já hann sko bara fór í gegnum þetta allt með mér. Það var svona, hann var bara kynntur strax fyrir vinnuhópnum og það voru þessir vinir mínir og þeir voru allir samkynhneigðir, og það vafðist bara ekkert fyrir honum. Og þetta eru vinir okkar enn þann dag í dag og bestu vinir. Og þeir bara mjög hérna hrifnir af mínum manni og hann kann vel við þessa stráka. Það hafa aldrei verið neinar svona flækjur í því. Ég efast ekki um að hann hafi nú fengið hinn og þennan stimpilinn úti í samfélaginu og var oft spurður að því hvort hann væri hommi og við hlógum bara að þessu [*hlær*]. Já, já og við fórum oft saman á böllin og líka upp í Samtök og við vorum að hitta hérna fólkið, þá hittumst við kannski þarna uppi í Brautarholti eða á Lindargötu eða bara í partíum og já, já við skelltum okkur á þessi böll alveg hægri og vinstri. Svo náttúrulega voru líka barirnir í bænum, 22 og já og Rauða Myllan og þegar að hérna dragshowin komu, það var virkilega skemmtilegt. Þá voru það Páll Óskar og Maríus og Árni Glóbó. Þeir voru bara svona driffjöður í því að setja á laggirnar svona dragshow. Og Rauða Myllan var þama í kjallaranum á Laugaveginum, svolítið stór og skemmtilegur staður og þarna var um hverja einustu helgi komu þeir allir fram og svo þar byrjuðu sko fegurðarsamkeppnirnar, þar byrjaði fegurðarsamkeppnin Ungfrú hitt og þetta og þetta var alveg hryllilega skemmtilegur tími. Ég skemmti mér mjög vel þama. Þarna var þetta orðið svona ekki aðskilið heldur, ekki aðskilið svona gay heldur þetta var orðið svona straight friendly, þarna var allt í lagi þótt að straight fólk kæmi inn og skemmti sér það átti ekki í neinni hættu að verða stimplað eða eitthvað.

Annars er ég kannski bara ofboðslega lituð af strákunum líka sko. Af því að maður gekk svo inn í það.